



Þekkingarauður Íslendinga og hin brýna bylting í orkubúskap veraldar

**Ávarp
forseta Íslands
á ársfundi ÍSOR
27. mars 2009**

Heiðraða samkoma.

Við höfum á undanförnum árum orðið vitni að nýjum áherslum í samskiptum þjóða. Togstreitan og fjandskapurinn sem settu svip á kalda stríðið hafa vikið fyrir aukinni samvinnu og breyttri heimssýn. Í vaxandi mæli er nú áhersla lögð á sameiginleg örlög allra jarðarbúa. Spennan og ógnin sem leiddu til síaukins vígbúnaðar heyra sögunni til. Í staðinn er spurt: Hvernig getur hver þjóð lagt annarri lið?

Ísland hefur á margan hátt verið vettvangur þessara breytinga. Herlið Bandaríkjanna sem hér dvaldi í hálfu öld er farið burt og sérfræðingar stjórnvalda úrskurðuðu fyrir skömmu að engin hernaðarógn blasi við eyþjóðinni hér í norðri. Upp úr síðustu aldamótum tók að fækka í hinum þjálfuðu herdeildum á Miðnesheiði. Á sama tíma fjölgaði heimsóknnum sérfræðinga og áhrifafólks, þjóðhöfðingja og ráðamanna hvaðanæva úr veröldinni sem vildu kynna sér hvernig reynsla og þekking Íslendinga, einkum í orkumálum, gæti komið að gagni.

Í áratugi hafa forystumenn í sveitarstjórnnum og landsstjórninni átt samvinnu við vísindamenn og verkfræðinga, jarðfræðinga og tæknifólk, öfluga sveit sem sótt hefur fjölþætta menntun og þjálfun til háskóla og rannsóknarstofnana hér heima og víða um veröld. Þetta fólk hefur byggt upp þekkingarbanka sem hvílir á traustum grunni, auðlegð sem hefur tryggt þjóðinni örugga ávöxtun í rösklega hálfu öld og getur áfram gert það í framtíðinni.

Lengi vel var þessi viðleitni, eins og við vitum, eingöngu ætluð til heimabruks. Um miðbik síðustu aldar og reyndar nokkru lengur var líka slíkur skortur á kunnáttufólki hérlendis að við urðum að leita til erlendra aðila um hönnun virkjana á hálendinu. Nú er staðan hins vegar sú að þekkingarauður Íslendinga á þessu sviði er meðal hinna öflugustu í veröldinni og æ fleiri sækja í hann.

Það tæki langan tíma að telja hér allar þær sendinefndir sem hingað hafa komið í þessu skyni á fyrsta áratug hinnar nýju aldar. Forsetar Kína og Indlands, fjölmennustu ríkja veraldar, helstu aflvéla í hagkerfi heimsins í náninni framtíð, lögðu báðir grunn að orkusamstarfi við Íslendinga í heimsóknum sínum og Indverjar opnuðu reyndar sendiráð hér skömmu eftir bankahrunið í október, meðal annars til að ná árangri á þessu sviði. Forseti Djíbútís, eins fátækasta ríkis Afríku, hreifst svo af árangri Orkuveitu Reykjavíkur að frá komu hans hefur verið unnið markvisst að því að gera landið að fyrsta ríki álfunnar sem gjörbreytir orkukerfi sínu á grænan hátt. Við vitum einnig að fleiri leiðtogar í austanverðri Afríku deila sömu sýn.

Í Evrópu og Bandaríkjunum hefur líka orðið vakning. Iðnaðarráðherra Íslands hefur á fundum sínum með forystumönnum Evrópusambandsins lagt skerf til nýrrar stefnumótunar þess um nýtingu jarðhita og í ýmsum löndum á meginlandinu hefur vaknað verulegur áhugi á þessu sviði. Á síðustu tveimur árum hefur orðið hliðstæð breyting í Bandaríkjunum. Bæði orkuráðuneytið og þingið í Washington hafa sent fulltrúa til Íslands. Á fundum með mér og öðrum Íslendingum hefur verið lýst miklum áhuga á samstarfi. Samningurinn sem gerður var í fyrra milli Íslands, Bandaríkjanna og Ástralíu er ásamt mörgu öðru staðfesting á þessum þáttaskilum.

Orkuráðherrar Indónesíu og Tyrklands komu ásamt fríðu föruneyti hingað í fyrra og forseti og stjórnvöld á Filippseyjum hafa áhuga á samstarfi við Íslendinga. Sams konar vilja er einnig víða að finna í Mið- og Suður-Ameríku og ekki má gleyma Mexíkó sem leitar nú markvisst nýrra leiða í orkumálum.

Allt hefði þetta fyrir tveimur áratugum eða svo, hvað þá fyrr, þótt miklum tíðindum sæta. Nú er það til vitnis um raunveruleg tækifæri, grundvöll til nýrrar sóknar, vettvang fyrir íslenskt þekkingarsamfélag á alþjóðavelli.

Í erfiðri stöðu efnahagslífsins er mikilvægt að missa ekki sjónar á þeim sóknarfærum sem sérstaðan í orkumálum hefur skapað Íslendingum.

Það er líka brýnt að skilja til hlítar hvernig þungi þróunarinnar á heimsvísu kallar á víðtæka alþjóðasamvinnu, hrópar beinlínis á árangur á allra næstu árum.

Þar ræður mestu að hættan á víðtækum loftslagsbreytingum er nú orðin forgangsmál á dagskrá þjóðarleiðtoga um allan heim. Deilurnar sem áður komu í veg fyrir aðgerðir hafa vikið fyrir sameiginlegri niðurstöðu sem samstarfsvettvangur vísindamanna mótaði á heilsteyptan hátt. Hin táknrænu þáttaskil urðu ef til vill þegar Al Gore og indverski vísindamaðurinn Dr. Pachauri tóku við friðarverðlaunum Nóbels; annar helsti baráttumaður heims á vettvangi stjórnmálanna, hinn formaður Loftslagsráðs Sameinuðu þjóðanna; báðir hollir vinir Íslands og boðberar þess að aðrar þjóðir nái sama árangri og við.

Nú er eingöngu deilt um hve langan tíma mannkynið hefur til að hindra hið mikla áfall. Ágreiningurinn snýst um hvort 10-15 ár eða 20-30 ár séu til stefnu. Í reynd er sú umræða til lítils gagns því jafnvel efstu mörkin, þrjú áratugir, eru skammur tími.

Í ljósi þessa hafa Barack Obama og hin nýja stjórn hans gert aðgerðir í orkumálum að burðarási í breyttri stefnu; gengið svo langt að ætla veigamikinn hluta þess mikla fjármagns sem bjargráðalöggjöfin svonefnda felur í sér í slík verkefni. Aðgerðir gegn heimskreppunni bera þess í vaxandi mæli merki að menn sjá að umbylting í orkumálum er lykilatriði eigi að ráða niðurlögum kreppunnar, að hreinir orkugjafar verða að koma í stað olíu og kola, að nýting og dreifikerfi verða að taka stakkaskiptum. Menn sjá að í reynd verður veröldin öll að ná viðlíka árangri og Íslendingar á undanförunum áratugum.

Sú stefna sem Obama hefur nú fest í sessi mun skapa nýjar forsendur í samningum á alþjóðavísu og leiða til öldu loftslagsvænna breytinga um allan heim. Bandaríkin sem áður voru að flestu leyti treg í taumi á sviði vistvænnar orku verða nú í fararbroddi.

Þar að auki hafa önnur viðhorf einnig stuðlað að framkvæmdum við nýtingu hreinna orkugjafa. Nú er lögð áhersla á alla möguleika: sól, vind, fallvötn, jarðhita, sjávarföll og annað sem að notum getur komið. Á undanförunum árum réðu tískusveiflur oft því að einn kostur var talinn öðrum fremri. Nú telja flestir að allt þetta beri að nýta eigi árangur að nást. Þá njóta jarðhiti og vatnsorka þess forskots sem reynsla síðustu áratuga hefur skapað.

Í vaxandi mæli er og leitað leiða til að láta t.d. sólarorku, vindorku og jarðhita vinna saman í heildstæðum kerfum, að tengja orkuframleiðsluna saman á grundvelli breytilegrar framleiðslugetu ólíkra forma. Þá felast og spennandi tækifæri í þróun annars konar dreifikerfa þar sem neytandinn getur selt til baka umframorku, bæði frá heimili og vinnustað.

Næstu ár verða því ögrandi tími í orkumálum, nánast alls staðar í veröldinni. Þekking og reynsla Íslendinga mun verða enn eftirsóttari; forskot okkar að öllum líkindum endast í 5-10 ár og jafnvel lengur ef við höldum rétt á málum.

Þótt hrun bankanna og margvíslegir erfiðleikar í efnahagslífi þjóðarinnar hafi nú þegar haft veruleg áhrif á nýtingu þessara tækifæra þá stendur sérstaða Íslands enn óhöggud. Hún byggist fyrst og fremst á þekkingarsamfélaginu sem hér hefur þróast, á hæfni og kunnáttu vísindamanna, verkfræðinga og annarra sérfræðinga.

Fyrir nokkrum árum ætluðu bankarnir sér stóran hlut í þessum efnum. Fyrstur kom Glitnir á vettvang, þá Kaupþing og Landsbankinn. Þótt þeirra njóti ekki lengur við á sama hátt hefur það ekki afgerandi áhrif á möguleika þjóðarinnar til að nýta sér á alþjóðavettvangi þekkingarauðinn sem hér hefur skapast.

Það þarf hins vegar að verða víðtæk sátt um aðferðir, vinnulíkan sem flestir og helst allir kjósa að fylgja. Sú nýja nálgun ætti fyrst og fremst að byggjast á því að sameiginleg vegferð skili okkur sem mestum árangri. Áhugi umheimsins á samstarfi við Íslendinga beinist fyrst og fremst að Íslandi sem ímynd hreinnar orku. Það er landið, þekkingarauður þjóðarinnar, sem er samnefnarinn; ekki einstök fyrirtæki.

Vissulega geta ýmsir á eigin vegum náð töluverðum árangri en ávinningur þjóðarinnar mun verða enn meiri ef allir taka höndum saman: Orkufyrirtæki og verkfræðistofur, háskólar og rannsóknarsetur, sprotafyrirtæki og tæknistofur og margir fleiri.

Til skýringar mætti beita líkingu úr fjárbúskap. Þótt sérhver bóndi rækti sitt fé þurfa allir að halda hópinn þegar smalað er á haustin. Safnið er rekið saman í réttirnar og þá geta bændur dregið í sína dilka, en án þess að allir reki saman af fjalli yrði fátt um kostafé.

Hliðstæðri aðferð ættum við nú og á komandi árum að beita markvisst varðandi hinn alþjóðlega orkubúskap. Verkefnin víða um veröld eru næg til að allir fái sitt og vel það.

Sá þekkingarauður í orkumálum sem hér hefur myndast er í reynd dýrmæt auðlind þjóðarinnar, starfsvettvangur sem skapar ungu fólki heillandi tækifæri.

Þessi þekking er líka eitt mikilvægasta framlag okkar til heimsbyggðarinnar, sá efniviður sem Íslendingar geta helst lagt til nýrrar og sjálfbærrar þróunar. Á vissan hátt er það siðferðileg skylda okkar að verða öðrum að liði í þessum efnum og kreppan í fjármálakerfinu breytir engu um það.

Ef mannkyni á að takast að forða komandi kynslóðum frá hrikalegum afleiðingum loftslagsbreytinga verða allir að leggjast á árar. Enginn má skerast úr leik. Okkar framlag í orkumálum er mest um vert. Þar kunnum við áralagið.

Það er því í senn siðferðileg skylda Íslendinga og vænlegur kostur í endurreisn efnahagslífsins að halda áfram alþjóðlegum umsvifum í orkumálum, hjálpa veröldinni að finna leiðir til að nýta hreina orkugjafa, skapa sjálfbæra framtíð öllum til heilla.